

## Fundargerð

8. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í fundarsal ÍSÍ Laugardal þriðjudaginn 16. október 2018.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson, Gunnar Svavarsson, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ og Íris Berg Bryde verkefnastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Engin rafræn erindi samþykkt milli funda.

### 2. Uppskeruhátíð FRÍ

Uppskeruhátíðarhópur gerði grein fyrir störfum. Allt klárt. Rætt um samlegð við formannafundinn 23.11.

### 3. European Athletics, kvennaverðlaun, tilnefning

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hugmyndum sem honum hafa borist um tilnefningu frá FRÍ. Ákveðið að samþykkja tillögu framkvæmdastjóra og formanns og þeim falið að senda tilnefninguna til EAA.

### 4. Afreksstjóður FRÍ – Seinni úthlutun 2018

Afreksstjóri gerði grein fyrir niðurstöðu sbr. reglugerð. Umræða. Ákveðið að stefna að úthlutun á formannafundi 23.11.2018.

### 5. GDPR

Borist hefur uppfært erindi frá ÍSÍ um að ný persónuverndarlöggjöf (GDPR) hafi tekið gildi á Íslandi. ÍSÍ mun útbúa staðlað form að vinnsluskrá fyrir allar einingar íþróttahreyfingarinnar auk Persónuverndarstefnu. Auk þess munu verða útbúin form og leiðbeiningar fyrir áhættumat, persónuverndarstefnu, vinnslusamninga og innleiðingar- og úrbótaáætlun fyrir ábyrgðaraðila í hreyfingunni. ÍSÍ mun greiða fyrir aðföngin. ÍSÍ mun einnig standa fyrir kynningar- og fræðslufundum um málefnið. Stefnt er að því að ljúka við gerð staðlaðra forma fyrir hreyfinguna fyrir lok október nk. og þá geti útsending gagna hafist til hreyfingarinnar, ásamt kynningu á efninu. Verkefnið verður einnig kynnt á Formannafundi ÍSÍ 16. nóvember nk.

### 6. Mótaskrá FRÍ 2019

Tillaga um mótaskrá 2019. Stjórn gerir ekki athugasemdir. Kynnt á formannafundi.

### 7. Mótaforrit FRÍ

Umræður um vinnslu og framtíðarsýn.

### 8. Önnur mál

- NM fjölþraut unglinga 2019. Framkvæmdastjóra falið að ræða við aðildarfélag.
- Þjóðarleikvangur í Laugardal. Rætt um starfshópin. Dropinn holar steininn.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið með að Íris verkefnastjóri fór með ljóðabálk.*

*Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.*